

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið að banna umferð ökutækja lengri en átta metrar á eftirfarandi götum. Undanþegin banni verði ökutæki merkt Reykjavíkurborg eða sorphirðu.

Merking verði í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995 með umferðarmerkinu B14.08 ásamt J – undirmerki með undanþágu sem orðast þannig: „Nema ökutæki merkt Reykjavíkurborg eða sorphirðu“.

Bannið gildir um eftirtaldar götur:

Amtmannsstíg, Hallveigarstíg, Skólavörðustíg,
Baldursgötu, Hellusund, Smiðjustíg,
Bankastræti, Ingólfsstræti, Spítalastíg,
Bergstaðastræti, norðan Njarðargötu, Kárastíg, Traðarkotssund,
Bergþórugötu, vestan Barónsstígs, Klapparstíg, Týsgötu,
Bjargarstíg, Laufásveg, norðan Njarðargötu, Urðarstíg,
Bjarnarstíg, Laugaveg, vestan Barónsstígs, Vatnsstíg,
Bókhlöðustíg, Lokastíg, Válastíg,
Bragagötu, Miðstræti, Vegamótastíg,
Fjólugötu, Njálsgötu, vestan Barónsstígs, Vitastíg,
Frakkastíg, Nönnugötu, Þingholtsstræti,
Freyjugötu, norðan Njarðargötu, Óðinsgötu, Þórsgötu,
Grettisgötu, vestan Barónsstígs, Skálholtsstíg,
Grundarstíg, Skothúsveg, austan Frikirkjuvegur,
Haðarstíg, Skólastræti.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

F.h. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 4. ágúst 2015,

Alda Hrönn Jóhannsdóttir aðstoðarlögreglustjóri.